

Fundargerð 9 janúar 2007 - 1 fundur

Málsnúmer: R05120091

Búið til: 11/01/2007

Ábyrgur: Steinvör Laufey Jónsdóttir

Fundur haldin í húsnæði Starfsmatsins Tjarnargötu 10a.
Þriðjudaginn 9 janúar. kl. 9.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Ragnar Ólason (Efling), Jakobína Þórðardóttir (StRv),
Árni Þór Árnason (KTFÍ).

Mætt af hálfu Rvk: Friðrik Friðriksson, Snorri Jóelsson og Birgir Björn Sigurjónsson.
Starfsmenn Starfsmats: Ingi Geir Hreinsson og Laufey Jónsdóttir.

Fyrir tekið:

I. Drög að verkáætlun Starfsmats 2007:

Ingi Geir Hreinsson starfsmatsráðgjafi kynnti drög að verkáætlun Starfsmats fyrir árið 2007 og óskaði eftir athugasemdum og tillögum frá nefndarmönnum.

II. Staða endurmatsbeiðna:

Farið var yfir stöðu endurmatsbeiðna í vinnslu Starfsmats og starfsmatsráðgjafar ítrekuðu fyrri óskir um frekari upplýsingar og gögn frá stéttarfélögum og starfsmannastjórum viðkomandi starfa.

III. Staða starfa í nefnd :

Þrjú störf eru óafgreidd í nefnd.

1.0 Menntasvið:

FMR125Gæðastjóri.

MSR FMR12 Deildarstjóri tölvudeildar (forstm. upplýst.MSR).

Starfsmannastjóri MSR hafði áður óskað eftir fresti á afgreiðslu þessara starfa og ætlaði að leggja fram skriflegar upplýsingar til skoðunar á milli funda. Þessar upplýsingar höfðu ekki borist starfsmatsráðgjöfum fyrir þennan fund. Afgreiðslu frestað.

2.0 Þjónustu og rekstrarsvið:

ÞOR Þjónustufulltrúi í símaveri.

Nýtt framlagt á síðasta fundi. Afgreiðslu frestað.

III. Önnur mál:

Farið yfir stöðu (fjöldu) nýrra starfa í starfsmati sem eru í vinnslu og ekki er búið að leggja fram til afgreiðslu í nefnd.

Fundi slitið kl. 11.30.

Næsti fundur Starfsmatsnefndar er Þriðjudaginn 16 janúar. kl. 9.00.